

trú og segja að þar getum vér fundið kristindóminn, því þar er um ólíka hluti að ræða. Alt þetta hefir verið kallaður kristindómur, og hver getur sagt, að þetta sé kristindómur, en hitt ekki? Það má eigna kristinni kyrkju alt það góða, sem til hefir verið í fari þeirra þjóða, sem hafa kallað sig kristnar um þvínær tvö þúsund ár, en það má með sama rétti kenna henni um alt hið ranga og illa, ef á annað borið með kristinni trú er átt við einhvern virkilegleika, sem á sér stað einhvern veginn fráskilinn mannlífina sjálfa. Sannleikurinn er, að kristindómurinn er eins og öll trúarbrögð einn þátturinn í mannlífstilverunni, þáttur, sem er spunninn út úr mannlífina sjálfa; og einmitt vegna þess er hann sömu lögum háður, og hver hinna þáttanna, sem heildina mynda. Það er alt náttúrlegt, og í gegnum alt sjáum vér framþróun heildarinnar. Opinberun sú, sem guðfræðingarnir hafa haldið fram, hefir aldrei átt sér stað, en opinberun hins eina í hinu marga er sannleikur, sem hver getur gengið úr skugga um, er vill opna augu sín fyrir því sem í kringum hann er og saga mannkynsins segir frá.

Maður heyrir oft talað um ómengaðan kristindóm, og þá um leið um hinar skaðlegu villuskoðanir, sem alstaðar mæti þessum ómengaða kristindómi. Það er eins og sumir menn þykist hafa einhvern sérstakan rétt til að ákveða fyrir aðra, hvað sé kristindómur og hverju þeim beri að trúa. Ómengaður kristindómur er þá sjálfsagt þeirra eigin trú. En nú vill svo til, að öðrum ber ekki saman við þá í öllum atriðum. Er þeirra trú röng en hinna rétt? Er þeirra kristindómur mengaður — ef þeir á annað borið kalla sína trú kristna — en hinna ómengaður? Ef um enga framþróun væri að ræða, þá gæti verið um ómengaða trú að ræða, það er að segja trú, er væri þannig í eðli sínu að henni þyrfti aldrei að breyta. En af því vér lifum í framþróun, getur engin trú haldist ómenguð í þeim skilningi, að hún taki ekki inn í sig nýjar hugmyndir og verði fyrir áhrifum frá vaxandi þekkingu og breyttum hugsunarhætti. Þeir þess vegna, sem eru altaf að reyna að koma á sjálfa sig rétttrúnaðarmarkinu og á alla aðra villutrúarmarkinu, misskilja samband trúarbragðanna við mannlífið sjálft. Þeir halda, að þau geti haldist